

Erindisbréf

Starfshópur um húsnæði stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar

Hlutverk:

Hópurinn er starfshópur um húsnæði stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar og hlutverk hans er skoðun og greining stöðu húsnæðismála. Starfshópurinn tekur við af starfshópi um húsnæði stjórnsýslunnar sem skipaður var á síðasta kjörtímabili.

Meginverkefni hópsins er:

- Að greina og skoða stöðu húsnæðismála stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- Skoða meðal annars óbreytta staðsetningu, byggingu nýs ráðhúss eða byggingu annars húsnæðis fyrir ráðhús.
- Vinna að tillögu um framtíðarstaðsetningu stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstaðar m.a. út frá fyrirbyggjandi greiningum á húsnæðiskostum frá Mannviti og rýmisgreiningu ASK arkitekta á Strandgötu 8-10 sem unnar voru fyrir starfshóp um húsnæði stjórnsýslunnar á síðasta kjörtímabili.

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að erindisbréfið hefur verið afgreitt í bæjarráði og skipað í hópinn og starfar hann í umboði bæjarráðs. Tillaga með hliðsjón af meginverkefnum hópsins skal áætlað að liggi fyrir og sé kynnt fyrir bæjarráði eigi síðar en í mars 2023.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir af hálfu hópsins eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, oftar ef sérstök þörf er á. Starfshópurinn tekur þegar til starfa og skal starfstími hans miðast við lok meginverkefna hópsins og nauðsynlegrar eftirfylgni hvað þau varðar.

Skipaðir eru 5 aðilar í starfshópinn:

3 frá meirihluta
2 frá minnihluta

Með hópnum starfa:

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 17. nóvember 2022.

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“